



Stefnumótun félagsins 2017-2022

STEFNUMÓTUN BLÁTT ÁFRAM

Það er markmið Blátt áfram að skapa opna og gagnvirka umræðu um mikilvægi forvarna hvað ofbeldi á börnum og kynferðisofbeldi varðar, með kynheilbrigði að leiðarljósi. Stefna Blátt áfram tekur mið af þeim vettvangi sem býðst til slíkrar umræðu og er félaginu hagfelld. Einnig er það stefna Blátt áfram að áhugi á umræðu aukist og með þeim hætti megi sporna marktækt gegn kynferðisofbeldi á börnum.

Magnús B. Baldursson



Ágrip

Það er markmið Blátt áfram að skapa opna og gagnvirka umræðu um mikilvægi forvarna hvað ofbeldi á börnum og kynferðisofbeldi varðar, með kynheilbrigði að leiðarljósi. Stefna Blátt áfram tekur mið af þeim vettvangi sem býðst til slíkrar umræðu og er félaginu hagfelld. Einnig er það stefna Blátt áfram að áhugi á umræðu aukist og með þeim hætti megi sporna marktækt gegn kynferðisofbeldi á börnum.

Blátt áfram kys að nota þær aðferðir, þá nálgun og það efni sem telja má líklegt og hefur skilað góðum árangri við forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum. Blátt áfram starfar ekki á samkeppnisgrunni heldur mótast starf sitt, starfsemina og þær aðferðir sem henta málstaðnum með óyggjandi hætti og kemur þolendum ásamt aðstandendum sem best. Blátt áfram skapar þannig starfsvettvang sinn óháð hvað óviðkomandi aðilar starfa við, eða eru að sinna og annast með ólíkum aðferðum. Blátt áfram mótast starfsvettvang sinn, þekkir hagaðila sína og þekkir væntingar þeirra hvað forvarnir og ofbeldi á börnum varðar.

Kynferðisofbeldi er ólíðandi. Blátt áfram hefur áhrif og vinnur markvisst gegn kynferðisofbeldi og verndar þess vegna börn okkar. Kynheilbrigði er samfélaginu mikilvægt.

Það er sýn Blátt áfram að útrýma beri kynferðisofbeldi á börnum til að auka lífsgæði samfélagsins. Þannig getur Blátt áfram mótað og skapað betri tilvist fyrir alla.

Forsendur

Með reglubundnum hætti hefur nær öllum félögum, fyrirtækjum og stofnunum reynst árangursríkt að endurskoða stefnu sína. Tilgangur þess er m.a. að starfsemin skili meiri árangri en ella. Forgangsröðun verkefna breytist, nýjar áherslur koma fram eða ný viðfangsefni, og markmið verða ljósari ásamt mælikvörðum sem eru forsendur endurmats á árangri. Þá byggir stefnumótun á þeim kostum sem til staðar eru og hvernig megi hagnýta þá sem best, um leið og leitað er nýrra aðfanga sem líklegt má telja að séu eða verði starfi félagsins árangursríkt.

Forsendur starfsemi breytast gjarnan með áherslubreytingum í samfélaginu, og forgangsröðun starfseminnar þarf að taka mið af þeim breytingum sem verða hverju sinni.

Blátt áfram var stofnað í apríl 2004, þá undir hatti UMFÍ og tveimur árum síðar, 2006 varð félagið sjálfstætt. Síðan hefur margvislegu starfi verið sinnt á margan hátt þótt tilgangur félagsins sé hinn sami og breytist ekki, að vinna gegn ofbeldi. Tilgangur félagsins er forvarnar- og fræðslustarf gegn kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi. Starfið hefur mótast af eftirspurn og þeirri umfjöllun sem hefur verið í samfélaginu hverju sinni. Þá hefur starfið tekið mið af því sem völ er á við að upplýsa alla hagaðila og almenning um forvarnir gegn ofbeldi.

Meðal hagaðila hefur þekking aukist um orsakir og afleiðingar ofbeldis til lengri og skemmri tíma. Þekking og kunnátta hvað aðferðir varðar og úrlausnir við forvarnir hefur vaxið að umfangi og gæði efnisins eru meiri með ríkari skírskotun til hagaðila. Auk meiri greiningar vandans í samfélaginu hefur starfsemin tekið breytingum í samræmi við breytingar þess.

Vegna fleiri gátta vettvangs með aukinni flóru fjölmiðla, breytingu á athygli þeirra og virkri þátttöku almennings þar, er tímabært að taka til skoðunar stefnu Blátt áfram. Þannig er gott að skoða alla starfsemina, sem byggir að miklu leyti á boðmiðlun, fjármögnun, aðild að félaginu og að áhrif félagsins aukist þar sem þess gerist helst þörf hverju sinni. Mikilvægi áhrifa félagsins gagnvart öllum hvað varnir gegn ofbeldi varðar þverra seint eða aldrei.

Inngangur

Eftir aðalfund félagsins 2016 taldi framkvæmdastjóri auk stjórnar ástæðu að skoða stefnumótun félagsins með það að leiðarljósi að hafa aukin áhrif gagnvart hagaðilum og almenningi um forvarnir gegn ofbeldi. Endurskoðun stefnu er nauðsynleg í því skyni að félagið hafa ríka skírskotun til málaflokksins um kynheilbrigði og til þeirra sem félagið er málsvari fyrir.

Félagið er stofnað í því skyni að opna á umræðu um ofbeldi á börnum og þar sem það er gjarnan sárast, kynferðisofbeldi, sem beinist að börnunum.

Í kjölfarið var þessi höfundur fenginn til liðs við félagið í því skyni að liðsinna við að draga fram þá þætti í starfsemi Blátt áfram sem rétt væri að skoða frekar hvað stefnu þess varðar með það meðal markmiða að ná frekari árangri í daglegu starfi.

Haldnir voru þrjú sameiginlegir fundir stjórnar, stjórnenda og starfsmanna, þar sem sjónarmið allra voru rædd, greind og í hverju áherslur hafa verið og gætu verið fólgnar til framtíðar. Rætt var hvað helst hefði borið árangur og hvað betur hefði mátt fara. Í ljósi þessa lærdóms, þekkingar og reynslu var ákveðið að stefna að því að fara eins og kostur er nýjar og ótroðnar slóðir hvað markmið og stefnu varðar. Ástæða þess er að nota vettvang boðmiðlunar, fræðslu og upplýsingagjafar þar sem önnur félög hafa ekki markað sitt starfsumhverfi. Þannig væri aukið rými skapað til þessa starfs þar sem annað hefði ekki truflandi áhrif og nálgast mætti hagaðila á forsendum félagsins og væntinga samfélagsins þar sem þess er gætt að starfsemin endurspegli uppfyllingu óska og eftirspurnar umfram þess sem almennt er vænst.

Verkefnið er nálgast með tveimur sjónarmiðum um leið og þess er gætt að báðar aðferðir hafi skírskotun til markmiða félagsins, auk þess sem nálgun nýs ferils með „Blue Ocean“ hugmyndafræði er að hluta notuð og hefðbundnar aðferðir til greiningar á starfsemi er einnig notuð.

Sýn Blátt áfram, sjónarmið og markmið (Vision, mission & objectives)

Sýn Blátt áfram:

Útrýmum kynferðisofbeldi á börnum og aukum þannig lífsgæði íslensks samfélags.



Sjónarmið:

Blátt áfram, með hagsmuni barna að leiðarljósi, annast forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum með þeim hætti sem líklegur er til marktæks árangurs og fer í því skyni bæði hefðbundnar og óhefðbundnar leiðir.

Markmið félagsins er að draga úr og útrýma smám saman kynferðisofbeldi á börnum.

Þar sem um aðkallandi heilsufarslegt og samfélagslegt viðfangsefni er að ræða og íslenskt samfélag vegna smæðar hefur jafnvel verið hamlandi, t.d. vegna félagsgerðar, er endurskoðun á stefnu Blátt áfram tímabær. Tilgangur þess er að auka áhrifamátt Blátt áfram til lengri og skemmri tíma lítið. Fjárfesting á þessu sviði er til langframa, þar sem búast má við mestum kostnaði við upphaf starfsins meðan hann minnkar með auknum árangri forvarna.

Markmið félagsins er að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Ef hægt er að auka árangur starfsins er víst að samfélagið verður betra fyrir börn til að alast upp í og þau fá þannig aukin tækifæri til að njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða, hverjum og einum. Fjölskyldumynstur verður farsælla og meinið sem fólgið er í kynferðisofbeldi á börnum og valdið getur manntjóni, skerta lífshæfni til margra áratuga eða sviptir aðra lífsgæðum, er full ástæða til að vinna gegn.

Blátt áfram vinnur gegn ofbeldi.

Blátt áfram nær árangri með markvissu og skipulögðu starfi á sviði forvarna.

Blátt áfram beinir sjónum sínum að vernd barna, þar sem skaðinn vegna kynferðisofbeldis getur orðið einna mestur í samfélaginu og hefur viðtækustu áhrifin, bæði til lengri og skemmri tíma.

Blátt áfram liðsinnir fagaðilum með markvissu fræðslustarfi þeim til styrktar, til að fást við forvarnir og mögulegar úrlausnir vegna vanda og afleiðinga kynferðisofbeldis. Þannig verður starf fagaðila áhrifaríkara.

Fagaðilar eru m.a. starfsmenn og kennarar skóla þar sem börn ganga til náms, heilbrigðisstarfsmenn þar sem vænta má heilsufarsvanda barna og aðrir starfsmenn félaga og stofnana þar sem fengist er við líðan barna.

Markmið Blátt áfram er að upplýsa og fræða ráðamenn um mikilvægi forvarna á sviði kynferðisofbeldis á börnum, til að tryggj verði að hagsmunir barna séu ætíð efstir á baugi.

Blátt áfram annast fræðslu til fullorðinna, til fjölskyldna og til samfélagsins alls.

Blátt áfram streymir fræðslu til fjölmiðla með afgerandi hætti, svo gerendum sé ljós alvarleiki þess að beita barn kynferðisofbeldi.

Blátt áfram er leiðbeinandi gagnvart stofnunum sem annast börn og upplýsir með reglubundnum hætti á ábyrgð þeirra hvað varðar velferð barna.

Hlutverk Blátt áfram er að auka þjónustu og aðstoð fyrir foreldra barna sem eru þolendur kynferðisofbeldis.

Blátt áfram, með vökulum hætti, minnir á að gerendur kynferðisofbeldis á börnum eru ekki einvörðungu fullorðnir. Forvörnum er þannig einnig sinnt meðal yngri hópa.

Markmið Blátt áfram er að skilningur á mikilvægi forvarna sé aukinn.

Kjarni starfsemi Blátt áfram er því að vinna að auknu kynheilbrigði samfélagsins með fræðslu og eykur þannig lífsgæði.

Í ljósi þessa er augljóst að beita þarf marktækum og afar breiðri nálgun þegar að boðmiðlun kemur. Hugaðilar eru ekki einsleitir, væntingar ólíkar, viðhorf og sjónarmið mismunandi, en allir geta þeir bæði tekið á móti upplýsingum og fræðslu sem snertir kynheilbrigði og verið flestir boðberar skilaboða til samfélagsins, bæði innan hópa og til samfélagsins í heild.

Þannig er inntak boðmiðlunar afar mikilvægur þáttur í starfi Blátt áfram.

Fagmennska, skírskotun til ólíkra hópa, vettvangur boðmiðlunar og eftirfylgni eru lykilþættir í starfi Blátt áfram.




Fyrri stefna og nýjar áherslur

Stefna Blátt áfram hefur ætíð snúist um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum. Þær aðferðir sem beitt hefur verið hafa skilað árangri.

Með hefðbundnum breytingum hvað fjölmiðlun varðar, á inntaki skilaboða og tækifærum sem snýr að boðmiðlun, er viðbúið að áherslur, aðferðir og nálgun aðlagi sig að þeim. Þá vill Blátt áfram endurspeglar metnað, bæði hvað faglegt starf varðar um leið og stöðugt er unnið að færri tilfellum kynferðisofbeldis. Þeir þættir sem í forgrunni verða eru:

Kynheilbrigði
Fræðsla
Fagmennska
Vernd barna
Boðmiðlun



Mynd 1 - Áhersluþættir í starfsemi Blátt áfram

Innleiðing aukins kynheilbrigðis í samfélaginu felur í sér í raun afar víðtæka nálgun hvað starfsemi Blátt áfram varðar. Að auka kynheilbrigði í samfélaginu, þar sem m.a. tekist er á við kynferðisofbeldi, er meðal helstu verkefna félagsins. Aukið kynheilbrigði innan samfélagsins er fengið með góðri fræðslu og starfinu sem sinnt er með því að skapa umræðuvettvang ofbeldisins.

Það er gert með aukinni þekkingu og færni við úrlausn vandans. Við þetta er líka fengist m.a. með fræðslu til hagaðila, ráðamanna, alls kyns hópa, opinberra aðila, fjölskyldna þar sem finna má rót samfélagsins að miklu leyti. Einnig fræðslu og frekari þjónustu til þolenda. Með vernd barna sem leiðarljós er stefnt að þessu. Til að auka trúverðugleika starfsins í samfélaginu er fagmennska mikilvægasta viðmið félagsins í daglegu starfi. Það er mikilvægur þáttur, þar sem stjórn, stjórnendur, starfsmenn og starfsaðilar félagsins geta sýnt að verkefnum er sinnt faglega.

Með ofangreinda þætti er hægt að móta starfsumhverfi sem er eftirsóknarvert. Þannig má smám saman vinna gegn kynferðisofbeldi á börnum og vinna bug á því.

Forvarnir byggja á hugarfarsbreytingu sem helst verður náð með upplýsingu, fræðslu og almennri boðmiðlun til þeirra sem málið snertir með einhverjum hætti.

Mikilvægi kynheilbrigðis er augljóst þar sem það er meðal grunnþátta í daglegu lífi nær allra og er meðal þess sem er stuðst við þegar lagt er mat á almennt heilbrigði einstaklings. Flestar Evrópuþjóðir hafa undanfarin ár innleitt betri og árangursríkari fræðslu til barna og unglunga á þessu sviði og er nú sinnt með afgerandi hætti víðast hvar. Þar sem málaflokkurinn kann að þykja viðkvæmur er það meðal verkefna Blátt áfram að opna umræðuna þannig að ekki þyki nema eðlilegt að fjallað sé um kynheilbrigði meðal unglunga þannig að gætt sé velsæmis um leið og skilningur allra aukist hvað þetta varðar.

Fagmennska Blátt áfram er félaginu nauðsynleg, til að starfið sé trúverðugt og eftir því sé sóst hjá hagaðilum hvað ytra starf varðar og námskeið sem haldin eru beri góðan árangur meðal þeirra sem óska eftir þeim. Til að gæta að fagmennsku og trúverðugleika er mikilvægt að starfsmenn og verktakar Blátt áfram, ásamt stjórn og stjórnendum séu vel upplýstir og sæki viðeigandi nám reglulega og miðli þeirri þekkingu með ákveðnum hætti. Vekja má áhuga hagaðila með þeim aðferðum sem henta kunna hverju sinni. Þannig má frekar tryggja trúverðugleika félagsins. Vettvangur boðmiðlunar getur verið af mörgu tagi í samræmi við flóru fjölmiðla í samfélaginu. Því þarf boðmiðlun að hafa markvissa skírskotun gagnvart hagaðilum, samfélagsins og gagnvart almenningi ásamt ráðamönnum. Þá þarf að gæta vel að tímasetningu boðmiðlunar og hún móti umræðu í samfélaginu, svari spurningum sem vaknað geta, og taki mið af þeim tímabilum sem árstíðir eru.

Fræðsla Blátt áfram er gerð með eftirminnilegu og áhugaverðu starfi félagsins, enda eitt helsta tækifærið til að gera starf þess opinbert og þekkt meðal almennings. Einnig er hægt að auka þannig við fjölda nýrra félaga inn í félagið og þannig fæst almennt aukið traust í garð þess. Þessu sé sinnt af vel menntuðum starfsmönnum og verktökum félagsins.

Þjálfun fyrir þá sem annast fræðslu og halda námskeið á vegum félagsins er metin af stjórnendum þess með hlutlægum hætti.

Árangur fræðslunnar er metinn reglulega, og reynist þörf á breytingum hennar er því sinnt með gagnvirkum hætti. Til að tryggja þennan mikilvæga verkþátt félagsins leita hlutlausir aðilar til þeirra sem notið hafa fræðslu eða námskeiða til að kanna hvað vel hafi verið unnið og hvað betur mætti fara.

Fræðslu er sinnt með viðeigandi kynningarefni sem er m.a. fánlegt á internetinu, t.d. til lesturs, áheyrnar og hlustunar. Þá er þess gætt að ásynd, orðaval og myndefni sé samræmt í kynningarefni heilt yfir, en um leið hafi sterka skírskotun til þeirra sem verið er að fræða og sé þeim viðeigandi.

Fræðslu er einnig sinnt með námskeiðahaldi þar sem starfsmenn og verktakar félagsins halda erindi, t.d. í skólum, meðal heilbrigðisstarfsmanna sem þess óska, og einnig til þeirra sem leita til félagsins á eigin vegum.

Boðmiðlun er í raun gátt félagsins til að streyma upplýsingum, fræðslu, skilaboðum, fréttum, umfjöllun, tilkynningum og áhersluverkefnum hverju sinni. Boðmiðlun á sér stað í hefðbundnum miðlum, í netmiðlum, og við eigin útgáfu bóka, upplýsingarita, minnislykla og geisladiska, svo fáein dæmi séu nefnd. Það er hlutverk og meðal ábyrgða Blátt áfram að annast boðmiðlun upplýsinga, fræðslu, námskeiða og fréttu af starfinu með markvissum og reglulegum hætti hverju sinni.

Árlega skal stefna Blátt áfram skoðuð með markvissum hætti í þeim tilgangi að gefa stjórn, stjórnendum og starfsmönnum tók á að meta hvað tekist hefur vel, hvernig þeim árangri var náð og hvernig megi tryggja áframhald góðrar stefnu. Um leið skal endurskoða þá þætti stefnunnar sem ekki hafa skilað væntum tekjum eða hagstæðu og hagfelldu starfi. Skal þannig rýna í stefnu félagsins í því skyni að leiðrétta hana ef telja má að hún sé ekki endilega hagfelld félaginu um leið og góðrar stefnuþátta sé viðhaldið með afgerandi hætti og markvissum.

Samstarf

Samstarfsaðilar Blátt áfram eru helstir þessir

Skólakerfið / Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, háskólar

Starfsfólk skóla, frístundastarfs

og sveitarfélaga /

Frístundastarfsfólk,

skólastjórnendur,

frístundaráðgjafar og

sveitastjórnarfólk.

Fagfólk / Önnur félagasamtök,

Fjölmiðlar, fyrirtæki,

félagsráðgjafar, sálfræðingar,

forvarnafulltrúar sveitafélaga,

velferðarþjónustan, landlæknir,

þroskaþjálfar, sveitastjórnarfólk

Samfélagið / Foreldrar,


fjölskyldur, börn, ungmenni (18-

25 ára)

Frístundir og íþróttafélög / Félagsmiðstöðvar, íþróttafélög, íþróttahreyfingin

Opinberir aðilar / Íslenska ríkið ýmsir aðilar, Sveitafélög, Heilbrigðis- og velferðarráðuneytið.

Fjölmiðlar / Sjónvarp, útvarp, prentmiðlar, tímarit og útimiðlar.



Mynd 2 - Áhersluþættir, samstarfsaðilar og markmið Blátt áfram

Mikilvægi samstarfsaðila verður seint ofmetið. Um leið er þess gætt að samstarfsaðilar upplifi fagmennsku í starfi félagsins og það sé gert með aðgreiningu, og mótaður starfsvettvangur þar sem starf annara samtaka sé látið ósnert um leið og starfsfríður um inntak félagsins ríki óskoraður. Þar með skapast starfsviðátta sem er afar eftirsóknarverð og verður ekki trufluð eða áreitt af öðrum.

Mikilvægt er að erlendu samstarfi sé sinnt reglulega, og lærdómur dreginn reglulega af því sem vel hefur gengið ytra um leið og einnig sé upplýsingum um árangur starfsins hér á landi dreift til viðkomandi erlendra samstarfsaðila.

Ábyrgð fjölmiðla er afar mikil í að koma upplýsingum á framfæri.


Ábyrgð opinberra aðila er fólgin í að auka lífsgæði samfélagsins

Með því að axla ekki ábyrgð á þessu sviði eru hagaðilar að bregðast börnum með afgerandi hætti.

Þjónustupróun

Þar sem Blátt áfram er félag sem starfar á sviði forvarna og miðlun fræðslu og þekkingar, er áriðandi og nauðsynlegt að þessi þjónusta sem hefur skýr og margvísleg markmið, sé þróuð áfram í samræmi við væntingar hagaðila með vernd barna að leiðarljósi.

Þjónustupróun tekur mið af fagmennsku hvað inntak fræðslu varðar, bæði í eigin námskeiðum sem í upplýsingamiðlun til allra hagaðila. Þessu er sinnt með því að reglulega er kannað hverju miðlunin hefur skilað til áheyrenda, hve vel námið hefur reynst við daglegt starf viðkomandi aðila og hverju það hafi áorkað og hverju breytt til hins betra. Þessa er gætt með hlutlægum hætti um leið og rýnt er í hvaða tækifæri geta hafa myndast við fræðsluna. Ætíð sé stefnt að því að lækka mögulega kostnað



Mynd 3 - Markmið, aukin virði og kostnaðarlækkun

um leið og verðmæti til viðskiptavina eða hagaðila séu stöðugt aukin. Kostnaðarlækkun er alla jafna auðsött, t.d. í kjölfar reynslu og þekkingar. Þá ber að gæta þess að ætíð sé leiða leitað til að auka þjónustuna, bæði heilt yfir og með einstökum þáttum hennar, þannig að hún hafi ríkari skirskotun til væntinga, óska og virði í kjölfar allrar endurskoðunar. Þannig má auka verulega líkur á því að markmið náist í starfsemi Blátt áfram.

Þar sem fræðsla og kynningarstarf lýtur hefðbundnum lögmálum þjónustupróunar, þar sem um óápreifanlega eign félagsins er að ræða, er starfið metið út frá fjórum þáttum:

Óápreifanleiki, þar sem ekki er hægt að bragða á þjónustunni, sjá hana, snerta eða upplifa með hefðbundnum skilningarvitum er þörf á mælingum hvað áheyrendur, áhorfendur, og lesendur varðar. Þeirra huglæga skynjun er mæld, ýmist með megindegum eða eigindlegum aðferðum og notuð til grundvallar hvort breytinga sé þörf og í hverju hún eigi að vera fólgin sé talin ástæða til endurskoðunar á þessum þjónustupætti.

Óaðskiljanleg, þar sem þjónustan varðandi fræðslu og námskeið eru lykilþáttur í starfi Blátt áfram er þjónustan er varðar þessa verkþætti nauðsynleg. Því getur verið ástæða til að leita annara leiða eða tækifæra í nýrri þjónustu, til að efla stoðir daglegrar starfsemi Blátt áfram.

Óvaranleiki, er augljós hvað þjónustu Blátt áfram varðar þar sem hún verður ekki geymd og varðveitt líkt og tíðkast um ápreifanlega muni. Óvaranleikinn gerir það að verkum að endurmat þjónustunnar þarf að vera stöðug, metin á sambærilegan hátt í ljósi fyrri reynslu, og kanna þarf einnig eftirspurn þjónustunnar og bregðast við breytingum komi til þess að eftirsókn þjónustunnar minnkar.

Óstöðugleiki, er meðal vanda margra sem bjóða þjónustu og full ástæða til að rýna í hana, hvar hún er veitt, hvernig, hvar og hve oft. Gæta þarf þess að þjónustan rýrni ekki með tímanum og því mikilvægt að tímaviðkvæmni og endingartími þjónustunnar sé með besta mótí. Þess er m.a. gætt með endurnýjuðu efni sem hefur mikla skirskotun gagnvart hagaðilum og á þeim tíma sem hennar er óskað. Þessa er einnig gætt með því að setja fram markmið hvað breytingar þjónustunnar varðar, hún undirbúin gaumgæfilega og reglulega, þannig að félagið sé reiðubúið með endurskoðað og betra kynningarefni en ella.

Í ljósi ofangreindra þátta er varðar óápreifanleika, óvaranleika, óstöðugleika auk þess sem þjónustan er óaðskiljanleg félaginu á tíma þessarar stefnumótunar er ástæða til að beita hefðbundnum aðferðum við nýsköpun og mótun þjónustu sem er metin að verðleikum meðal hagaðila og tekur mið af þeim tækifærum sem kunna að ríkja í hópi þeirra eða faglega er talin ástæða til að sinna með markvissum og marktækum hætti.

Í raun er hér hefðbundin hagræðing á ferðinni, þar sem greint er með hlutlægum og mælanlegum aðferðum í hverju breytingar geta verið fólgnar. Á breytingartíma hefur reynst farsælt hjá afar mörgum sem þjónustu veita að hafa hagaðila, eða þiggjendur þjónustunnar til ráðgjafar, með væntingar þeirra í huga um leið og stefnt er að því að þjónustan sem veitt er, sé umfram væntingar þeirra þegar hún er boðin. Breytingin er þá gjarnan fólgin í að taka þá þætti sem litlu sem engu skila, bæði þiggjendum þjónustunnar og félaginu og meta árangur þessa og hætta ef þannig ber undir. Þá er ástæða til að lagfæra þjónustupætti sem gerast kann þörf. Viðmið sem stjórn, framkvæmdastjóri og starfsmenn ákveða að séu mikilvæg í starfi félagsins og nefnd eru innvæ mælikvarði þess enda ekki aðfengin, eru höfð til hliðsjónar við sköpun og lagfæringu sem er vænst að skili aukningu um leið og nýjar leiðir eru mótaðar og innleiddar.



Mynd 4 - Árangur, breytingar, sköpun og þjónustupróun

Árangur

Árangur í starfi Blátt áfram er mælanlegur með tiltölulega auðveldum hætti og hentar afar vel til að fylgja eftir stefnu, endurskoða hana reglulega og eykur þannig líkur á meiri árangri en hingað til hefur náðst. Beita má hefðbundnum aðferðum stefnumiðaðrar áætlunar (Balanced Scorecard) þar sem nánir þættir í starfsemi eru metnir, milli tíma, milli þátta, og þannig mætti lengi telja. Má í því skyni benda á hvað fræðslu varðar, hve vel námskeið eru sótt, hve góð þau þykja meðal þeirra sem sækja þau, hve mörg námskeið eru gagnvart almenning samanborið við fagaðila, hvaða breytingar eru milli ára í fjölda og upplifudum gæðum og hvernig markmiðum er náð með fræðslunni. Einnig er hægt að mæla hve vel vefur Blátt áfram er sóttur. Hægt er að mæla hve góð svörun hans er og hvort leitarvélbestunar í texta sé gætt, sem er auðmælt. Þegar kemur að sköpun nýrrar þjónustu er hægt að mæla hve vel hún fellur að væntingum hagaðila með viðhorfskönnun í kjölfar veittrar þjónustu. Boðmiðlun er hægt að mæla með fjölda fréttu um þau leitarorð sem Blátt áfram velur, t.d. „kynheilbrigði“. Nauðsynlegt er að bæði yfirþátta og margra undirþátta sé gætt og þeir fjölmargir mældir, við stefnumiðun í starfsemi Blátt áfram. Sem dæmi má nefna þegar verið er að skoða heilbrigði einstaklings er margt mælt og metið, s.s. líkamshiti, öndun, blóðstarfsemi, vökví, hreyfileiki, púls, blóðþrýstingur og þannig mætti lengi telja. Áþekkri nálgun má beita í starfsemi Blátt áfram, þar sem mikilvægir þættir eru greindir og mældir, sem telja má að nota megi við árangursmat. Fleiri dæmi erum um mat árangurs, t.d. hann er metinn með eftirfarandi hætti: Markmið félagsins, og hve vel eftirspurn er mætt, er verið að fræða um það sem sóst er eftir af áhugasömum og félagsmönnum á allan hátt? Er vel og nákvæmlega skilgreint áður en til framkvæmdar þjónustunnar kemur? Mælikvarðar sem eru gjarnan meginlegir að upplagi og auðveldar þannig samanburð og auðveldar ákvarðanir, eru nákvæmlega skilgreindir. Gagnlegt er að beita mælikvörðum á eins fjölbreytta þætti og kostur er, til að tryggja gæði starfsins varðandi fræðslu og miðlun upplýsinga. Mælikvarðar eiga að vera þannig að þeim verði náð, enda þótt það kunni að fela í sér umtalsvert starf og mikinn undirbúning. Metnaður þarf að vera til staðar til að tryggja farsæla starfsemi og þarf að koma fram í mælikvörðum sem valdir eru. Markmið starfsins þurfa að vera raunsæ þótt þau kunni að vera metnaðarfull. Starfsemi og hlutverk starfsmanna og verktaka fyrir Blátt áfram verður með þessu skýr og á að vera öllum augljós. Þegar skilgreining hefur átt sér stað, mælanlegir mælikvarðar virkir og auðsóttir, raunsæi og markmið virk er nauðsynlegt að innleiða viðeigandi tímasetningar árangursmælinga. Það auðveldar starf félagsins og hlutverk starfsmanna og stjórnenda er því skýrt.

Mörkun og markaðsstarf

Mörkun er gjarnan veigamikill þáttur í innleiðingu nýrrar stefnu. Hún felst gjarnan í greiningu á átta þáttum. Þeir eru boð á markaði, innri og ytri boðmiðlun, gildi bæði táknræn og starfræn (verkræn), markhópagreining, samkeppni og aðgreining, og loks stefna og taktík félagsins í daglegu starfi. Ástæða þessa verks er að auðveldara er að gæta að samfelldni í boðmiðlun á öllum vettvangi.

félagsins sem eru nefnd hér ofar eru þá í raun grunnþáttur í merki (brandi) þess. Markaðsstarf verður auðveldara og markvissara vegna áætlanagerðar og þá kemur fram taktík félagsins sem byggir á stefnu þess. Loks er það spurningin um hvað er félagið í raun að bjóða hagaðilum, nefnt „boð á markaði“. Er þá tillaga hér að Blátt áfram annist frekari vinnu við mörkun félagsins í kjölfar stefnumótunar, þar sem byggja má á þeirri vinnu og tengingin er augljós sem eykur verulega líkur á árangursríkara og hagkvæmara starfi hvað þetta tvennt varðar. Áætlanagerð í markaðsmálum er því sjálfsögð í kjölfar þessa starfs.



Mynd 5 - Mörkun - aðferð fyrir Blátt áfram © Magnús Baldursson

Tekjuöflun

Tekjuöflun fyrir Blátt áfram kemur frá félagsaðild almennings, sem þarf reglulega að efla. Með nýrri stefnu hvað boðmiðlun varðar þar sem grunnþættir í starfi Blátt áfram eru skýrari og auðvelt að auka beina skírskotun til hagaðila má búast við auknum tekjum í kjölfar þess með aukinni félagsaðild.

Tekjuöflun er einnig fengin með sölu á munum í eigu félagsins og geta verið hagnýtir hlutir á borð við lyklakippur, minnislykla, eða ljós. Einnig má afla tekna með sölu á fræðslu- og kynningarefni, auk þess sem námskeiðahald er meðal tekjupátta.

Velunnarar og styrktaraðilar Blátt áfram geta verið fyrirtæki og félög sem láta málið sig varða, og styrkja starf Blátt áfram með beinu fjárframlagi eða öðrum stuðningi sem hefur fjárhagslegt gildi í starfsemi félagsins.

Ríki, stofnanir hins opinbera, ráðuneyti og sveitarfélög eru mikilvægir fjárhagslegir stuðningsaðilar fyrir Blátt áfram. Þess ber að gæta að því ágæta samstarfi sé sinnt með áhrifaríkum hætti og reglulega efnir Blátt áfram til fundar með þessum aðilum til að gæta þess að þeir séu vel upplýstir um starfsemi og upplýsingamiðlun félagsins. Um leið verði þeim boðin námskeið eða önnur fræðsla fyrir stofnanir og fyrirtæki á þeirra vegum til að tryggja upplifað virði þjónustunnar og viðheldur fjárstuðningi til lengri tíma.



Mynd 6 - Mismunandi tekjuöflun – Greining nauðsynleg Traustir – stjórnur – góðir – til skoðunar

Aðrar leiðir sem Blátt áfram bjóðast til að afla tekna ber að skoða með opnum og jákvæðum huga um leið og þess er gætt að ekki sé verið að rýra eða skerða ímynd, ásýnd og álit á félaginu meðal almennings.

Mikilvægi tekjuöflunar er hlutfallslega mest á fyrstu árum starfsemi félaga sem annst forvarnir, því útgjöld sem eru ætíð meiri á fyrstu árum minnka í kjölfar góðs árangurs. En afrakstur tekna sem fólgin er í auknum lífsgæðum, er áriðandi langtíamarkmið. Þess vegna má reikna með minnkandi útgjöldum þegar frá líður.

Framtíðarsýn

Stöðumat og endurskoðun í ljósi væntinga til lengri og skemmri tíma ber að skoða með reglubundnum hætti í því skyni að kanna með óyggjandi hætti stefnu, tekjur, starf Blátt áfram og árangur þess. Um leið ber að gæta þess að sú þjónusta, fræðsla og námskeið séu að vinna að sýn Blátt áfram um að kynferðisofbeldi verði útrýmt.


Til að auka líkur þess með afgerandi hætti er æskilegt að félagið temji sér að starfa sem frumkvöðull á sviði forvarna.

Með því fæst starfsrými fyrir félagið án þess að aðrir aðilar séu að marka sér þá

staðsetningu sem truflað getur starfsemi Blátt áfram. Frumkvöðlar í starfsemi sinni, þrátt fyrir að vera ekki nýir af nálinni, geta þannig aukið verulega árangur af starfi sínu, auka tekjur vegna stöðugt haldbærrar skírskotunar en tryggja viðvarandi starf með því að nokkur hluti starfsins sé á sviði flytjanda, sem þróa núverandi lausnir án þess að bjóða nýjar þróaðar lausnir. Þeir sem kjósa að vera „Íbúar“ hvað starfsrými varðar eru líklegir til að njóta síður nauðsynlegrar skírskotunar í hugum hagaðila.

Það er ábyrgð stjórnar og stjórnenda félagsins að svo vel sé búið um daglega starfsemi að hún orki ekki á nokkurn hátt tvímælis, ýmist í huga almennings eða gagnvart hagaðilum. Á það við bæði er varðar námskeið og annað kynningar- og fræðsluefni.

Er það von allra sem að þessari stefnumótun komu að hún reynist viðeigandi aðilum á þessu sviði góð um leið og tilefni er til að nefna óskir höfundar skýrslunnar um einstaklega jákvætt starf Blátt áfram við að útrýma kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi.



Mynd 7 - Framtíðarsýn fyrir Blátt áfram



